



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

I. tbl. 2006, - 16. árg.
Janúar 2006

Félag íslendinga í Luxembourg a.s.b.l.



Þorralblót

Haldið 11. febrúar 2006 í samkomusal nýja íþróttahússins, Centre Polyvant í Junglinster sem er í Z.I. Landwies, á bak við Audi umboðið. Vegvisar félagsins verða settir upp við route de Luxembourg.

Forsala aðgöngumiða hófst 25. janúar

Dagskrá

18:00	Fordrykkur
19:00	Borðhald hefst. Meistarakokkurinn Jóhannes í Múlakaffi sér um þorramatinn og annað góðgæti
21:00	Leikklúbburinn Spuni kemur fram með sína árlegu sýningu
23:00	Hljómsveitin <i>Á móti sól</i> leikur fyrir dansi
03:00	Lok dansleiks

Næg bílastæði eru fyrir framan samkomusalinn og ekkert mál er að skilja bíla eftir, ef teknir verða leigubílar heim.

www.islandus.net

Miðaverð í forsölu

€65 fyrir félagsmenn
€85 fyrir utanfélagsmenn
€45 fyrir 25 ára og yngri

Miðaverð við inngang €85, meðan húsrúm leyfir.
Ball (eftir kl. 23:00) €20

Pantið miða og bókið borð á www.islandus.net

Ertu Expressaður?

Ef þú bókar á netinu og greiðir í forsölu fyrir laugardaginn 4. febrúar fer bókunin sjálfkrafa í Expresspottinn og þú gætir unnið ferð fyrir einn fram og til baka til Íslands frá hvaða áfangastað Iceland Express á meginlandinu sem er!

Þeir sem ekki bóka á netinu geta hringt í stjórnar-meðlimi:

Elísabet	021 363 734
Guðbjörg	091 637 888
Inga Birna	021 224 312
Matthildur	021 142 060
Óskar	091 348 737
Þóra	021 168 341

Það verða 12 manna langborð, vinsamlegast takið fram hverjir eiga að sitja við borðið og á hvaða nafni borðið er pantað.
Þetta er til að koma í veg fyrir tvíbókanir.

Miða er hægt að greiða og sækja hjá stjórnar-meðlimum.

Stjórn FÍL

Í þessu blaði:

Porrablót FÍL 11. febrúar	1
Iceland Expresspotturinn	1
Ljósmyndasýning	2
Hjólástólasöfnun	2
Spuni 30 ára - Ballið	2
Ráðagóðhornið	3
Heimilishornið	3
Talan þrettán	3
Ritstjóraspjallið	3
Spuni	3
Íslenskuskólinn	3
Uppboð	3
Litlu dálkarnir	4



Á döfnni:

- Íslenskukennsla 31. janúar
- Þorralblót FÍL 11. febrúar
- Uppboð 11. febrúar
- Ljósmyndasýning Rafns Hafnfjörðs 17. febrúar til 17. mars



Ljósmyndasýning Rafns Hafnfjörðs í Lux Tech Center

Á næstum 50 ára starfsferli hefur Rafn Hafnfjörð gegnt stóru hlutverki í því að birta ásjónu Íslands eins og flestir þekkja hana nú á dögum - eða ef til vill að skapa hana. Frá árinu 1955 hefur hann kerfisbundið ljósmyndað Ísland frá öllum hliðum þess og birt verk sín í ferðamannabæklingum, á póstkortum, í bókum og dagatölum. Margt af því hefur hans eigið prent- og útgáfufyrirtæki gefið út, sömuleiðis hafa verk hans birst á sýningum, í sjónvarpi og á vefsíðum á Netinu. Rafn hefur einkum beint sjónum sínum að landslagi og útvist, með sérstakri áherslu á sitt helsta áhugamál, stangveiðarnar. En alveg frá upphafi hefur hann einbeitt sér að því að skapa listræna sýn á náttúruna og vottað takmarkalausri sköpunargáfu náttúrunnar virðingu sína.

Efni ljósmynda hans er náttúra Íslands, þó ekki endilega hin áþreifanlega náttúra. Vatnið er ekki blautt, hraunið er ekki hrjúft, jökullinn ekki kaldur og enginn ilmur í lofti. Né heldur hvín í storminum og sjórinn, fossinn og fuglarnir þega. Samt spegla öll verk hans nákvæm smáatriði úr heildarmynd náttúrunnar, sýna hluta hennar eins og spegil, gegna því markmiði

listarinnar "að halda upp svo sem einsog spegli fyrir mannlfínu," svo að notuð sé orð Hamlets Danaprins.

Ljósmyndir Rafns eru ekki "aðeins" um Ísland þó að þær sýni jöklana, hverina, fossana og fjöllin í allri sinni dýrð. Sumpart eru þær eins og smásjár, og stækka gangverk og sköpun náttúrunnar upp í alþjóðlegt, sjónrænt táknmál forms, lita og ljóss. Stundum öðlast þær meira að segja einkenni hreinnar afstraktlistar. Eigi að síður er það alltaf náttúran sem er að verki í þessum ljósmyndum. Þær eru virðingavottur og minnisvarði sem ljósmyndarinn reisir óendanlegum fjölbreytileika óspilltrar íslenskrar náttúru.

Íslenski hluti Heimssýningarinnar í Montreal árið 1967 var hannaður út frá ljósmyndum Rafns Hafnfjörðs og hefur hann tekið þátt í fjölmörgum ljósmyndasýningum erlendis. Almenningur hefur einnig kynnst verkum hans eftir óvenjulegum leiðum, til að mynda árið 1998 þegar 32 ljósmyndir eftir hann voru prentaðar á 20 milljónir af kaffirjómaumbúðum sem dreift var í flugvélar og á hótél og veitinga-

hús í Evrópu. Árið 1979 hélt hann einkasýningu á ljósmyndum sínum í Listasafni Reykjavíkur og aðra einkasýningu 2004 í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Árið 1990 hlaut hann fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni um bestu auglýsinguna fyrir Ísland, sem Ferðamálaráð stóð fyrir ásamt Ferðamálaráði Evrópu.

Á sýningunni í Galleria salnum í Lux Tech Center má sjá myndarlegt safn af nýlegum myndum, eins konar óð til lita, ljóss og forms í náttúru Íslands og það leynir sér ekki hve sterkum tókum hann hefur náð á þeim myndræna miðli sem ljósmyndun er. Þessar myndir sýna svo ekki verður um villst að ljósmyndun er orðin sjálfstætt listform og hefur skipað sér verðskuldaðan sess með öðrum viðurkenndum listgreinum.

Ljósmyndasýning Rafns stendur frá
17. febrúar til 17. mars
Lux Tech Center
2 - 4 rue Edmond Reuter
L-5326 CONTERN

Torfæruhjólastólar til stuðnings hreyfihömluðum á Íslandi.

Bylgjan, Ísland í bítíð og Íþróttasamband fatlaðra stóðu í sumar að söfnun nýrrar tegundar hjólastóla undir heitinu *Hjálpum hreyfihömluðum að njóta náttúrunnar*.

Með hefðbundnum hjólastólum er mjög erfitt fyrir hreyfihamlaða að ýta sér áfram fyrir utan steinsteypa vegi. Þeir eiga því mjög erfitt með að hreyfa sig í náttúrunni eins og við hin og geta því ekki notið þess að fara um fjörur landsins, móa, holt og hæðir.

Nú hefur verið framleidd ný tegund af hjólastól í Bandaríkjunum sem gerir hreyfihömluðum kleift að fara um náttúru landsins.

Bylgjan og Ísland í bítíð fóru síðasta sumar, af

stað með landssöfnun til að fjármagna eins marga hjólastóla af þessari gerð og hægt var til þess að dreifa um landið.

Í Luxembourg stóðu Stella og Sigbór (Halldóra Ásgeirsdóttir og Sigbór Óskarsson) að söfnun á þjóðhátíðarskemmtun Félags íslendinga í Luxembourg, laugardaginn 11. júní.

Landsbankinn í Luxembourg, KB bankinn í Luxembourg, Félag íslendinga í Luxembourg og fjölmargir einstaklingar stóðu að þessari söfnun. Sérstaklega má nefna í röð einstaklinga að Kimberley Drifa Bond sem er ung stúlka í Luxembourg var virkilega dugleg að safna áheimum til verkefnisins.

Einnig ákvað stjórn Félags íslendinga í Luxem-

bourg að öll þátttökugjöld í kvennahlaupinu myndu renna til sama verkefnis.

Til upplýsinga þá söfnuðu Luxarar fjárhæð til kaupa á einum og hálfum hjólastól en alls voru keyptir 11 hjólastólar.

Margir mega því vera sælir í hjarta sínu, ánægðir með söfnunina og gleðjast með þeim sem þurfa á þessum frábæru hjálpartækjum að halda til að njóta þess sem okkur hinum finnst svo sjálfsagt.

Kærar þakkir til allra sem gátu gert þetta mögulegt.

Ritstjóri

Einn nettur

Maður situr inni í stofu og segir við konu sína:

"Ekki vil ég enda sem eitthvað grænmeti, háður einhverskonar rafmagnstæki sem á að halda í mér lífinu. Ef slíkt gerist þá bið ég þig að taka það úr sambandi."

Konan stóð upp og tók sjónvarpið úr sambandi!

Mjó

Spuni 30 ára - Ballið

Spuni hélt upp á 30 ára starfsemi sína þann 3. desember á liðnu ári, nánast í kyrrþey.

Allir voru velkomnir í tilefni þessara hátíðarhalda leikklúbbsins Spuna, en fremur fáir völdu að fagna tímamótunum og mæta í hófið í tennisklúbbnum í Sandweiler.

Þarna var þó breiður hópur af gömlum og nýjum Spunurum og öðrum gestum.

Þeir sem mættu, skemmtu sér vel og dönsuðu



fram eftir nóttu. Undirbúningur var töluverður, miðnætursúpan og túnasalatið voru frábær.

Sérstakar þakkir fá Hermann Reynisson fyrir græjurnar, DJ ZD, Dis í Top Squash, Kata sériumeistari og þeir sem báru inn, settu upp, tóku niður, báru út og allir sem mættu.

Sjáumst að 10 árum liðnum!

Stjórn Spuna



Ráðagóðahornið

Kalt smjör

Smjör úr kæli er oft erfitt að smyrja beint á brauðið. Hafið við höndina bolla með heitu vatni og dýfið hnífsblaðinu af og til ofan í heita vatnið. Örylgjuofninn dugar líka, en fylgist vel með!

Gufusoðið blómkal

Blómkal og svipað grænmeti má gufusjóða um leið og kartöflur eru soðnar. Þvoið kartöflur vel og látið vatn rétt fljóta yfir þær í pottinum. Setjið blómkálið ofan á kartöflurnar. Engin bætiefni til spillis!

Eggjahvítur

Eggjahvítur eru fljótari að stífna ef nokkrir dropar af ísköldu vatni eru settir í skálina áður en þeytt er.

Ryðblettir í vaski

Nuddaðu ryðblettinn með skorinni sítrónu og haldu áfram þótt bletturinn sé erfiður viðfangs, hann mun hverfa að lokum.

Segull á pottaleppana

Saumaðu lítinn segul í pottaleppana og hengdu þá hvar sem er á eldavélina.

Heimilishornið

Marineraður lax með spinati og kókos

4 laxasneiðar
3 tsk engifer
1 msk sesamolía
2 msk sojasósa

Blandið saman sesamolíunni, sojasósunni og engiferinu og leggið laxasneiðarnar í marinerunguna í 20 mín. Grillið laxinn eða steikið á pönnu í tvær mínútur á hvorri hlið.

Spinat með kókos

3 hvítlausrif
smá smjör
2 chiliparbelgir, hreinsa
kjarnann frá og skera
smátt
1 msk chilipaste
2 bollar kókosmjólk
3 msk sítrónusafi
4-5 lúkur af af spinati

Skerið hvítlaukinn og steikjið hann á pönnu með litlu smjöri. Setjið svo chilipar út á pönnuna ásamt chilipaste. Svo kókosmjólkina og sítrónusafann og að lokum spinatið. Ekki má steikja spinatið of lengi, það verður að mauki. Bara rétt að hita það.

Skrítið þetta með þrettán

- Að meira en 80 % hárra bygginga hafa enga 13. hæð.
.... Að á sjúkrahúsum eru engin herbergi númer 13.
.... Að á götum í Flórens á Ítalíu eru húsin milli númer 12 og 14 númer 12 og hálf.
.... Að hálfur laukur undir rúmi sjúklings dregur sótt-hitann í sig.
.... Að ef þig klæjar í hægra eyrað er einhver að tala illa um þig, en ef þig klæjar í það vinstra er einhver að tala vel um þig.
.... Að ef blóðsuga eltir þig er gott ráð að hella úr baunapoka á gólfíð því blóðsugan getur ekki stillt sig um að telja baunirnar.
.... Að á flugvöllum eru engin hlið númer 13.
.... Að ef þú ert með 13 stafi í nafninu þínu þýðir það slæmt líf. Jack the Ripper, Charles Manson, Jeffrey Dahmer, Theodore Bundy og Albert De Salvo eru allir með 13 stafi í nafninu sínu.
.... Að ef þú missir skæri er elskhugi þinn ótrúr.
.... Fáir vilja ferðast, ef það er föstudagurinn þrettándi.
.... Sumir hafa fóbíu varðandi bíóferðir föstudaginn 13.
.... Hafið þið séð bíómyndina "Föstudagurinn þrettándi?"

(Ritstjóri og punktar héðan og þaðan)

Uppboð

I would like to inform you (FÍL) that my father's library of Iceland will be selling by an auction on February the eleventh. The auction takes place at the auction house: Peter Kiefer, Steubenstrasse 36, 75172 Pforzheim, Germany, tel.: 07231 / 92320. If you are interested you can demand the auction catalogue number 58 (Iceland: positions 5588 - 6344) or you can use the web side; www.kiefer.de

Wolters Family
Lindenweg 10, 21244 Buchholz,
Germany, tel.; 04187 / 6685

Ritstjóraspjallið

Fyrsta blað ársins 2006 lítur nú dagsins ljós.

Brúin kom út 8 sinnum á síðasta ári. Júní blaðið, sem var það níunda, kom ekki út vegna tæknilegra örðugleika, blaðið var tilbúið frá ritstjóra.

Þakka kærlega þeim sem senda inn efni, þið eruð ómetanleg og svo skemmtileg.

Þorrablótið sem auglýst er á fyrstu síðu er stærsta verkefni stjórnar FÍL á ári hverju. Fullt af fólki kemur við sögu til að aðstoða við svo stóran viðburð og það stefnir í að þetta verði stærsta þorrablót sem haldið hefur verið frá upphafi. Þeir sem hafa áhuga á að hjálpa til endilega hafið samband við stjórnarmeðlimi og bjóðið fram aðstoð.

Bestu óskir um gott ár til allra félagsmanna FÍL og lesenda Brúarinnar.

Ritstjóri



Leikklúbburinn Spuni fer nú að hefja seinni hluta æfingaprógrams fyrir þorrablótið og það er ekki of seint að bætast í hópinn.

Endilega komið og sjáið hvað er gaman og gefandi að vera með í skemmtilegum félagsskap og búa eitthvað til frá grunni. Allt er mögulegt, ekkert ómerkilegt og enginn getur ekki neitt!

Nú er fullt af nýfluttu fólki í Luxembourg. Verið ófimin við að skoða skemmtilega möguleika til dæmis í Spuna og öðlast nýja sýn á lífið hér.

Hafið endilega samband við stjórnarmeðlimi (sjá bls. 4) og verið ófimin, þetta er bara gaman!

Stjórn Spuna

Íslenskukennsla

Íslenskukennslan hefst 31. janúar eftir langt og gott frí. Sérstök athygli er vakin á breyttum kennslutíma, nú verður kennt á þriðjudögum kl. 13:30 til 15:30.

Fyrirhugaðir kennsludagar eru:

31. janúar	7. mars
7. febrúar	14. mars
14. febrúar	21. mars
21. febrúar	28. mars

Kennarar verða þeir sömu og fyrir áramót að undanskilinni Evu Hrönn Jónsdóttur sem flutt er til Íslands. Stjórn FÍL þakkar henni gott samstarf fyrir Íslenskukólann.

Í Evu stað kemur Herdís Matthíasdóttir sem menntuð er sem leikskólakennari. Fíll býður hana velkomna til starfa.

Stjórn FÍL



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2005-2006

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771, 021 142 060,	fil@islandus.net
Póra Karlsdóttir, ritari,	2694 5105, 021 501 117,	fil.ritari@islandus.net
Inga Birna Antonsd., gjaldkeri,	2671 0929, 021 224 312,	fil.gjaldkeri@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163, 091 637 888,	gst1@islandus.net
Elísabet I. Einarsdóttir, meðstjórnandi,	799 508, 021 363 734,	elisabete@islandus.net
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	2694 5006, 091 348 737,	oskars@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar 2005-2006

www.islandus.net/fil/kirkjunefnd.htm
Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann 358 556
Sólveig Stefánsdóttir 789 341
Agnar Sigurvinsson 435 183
Sigurður Kristinsson 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður, 341 882,	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari, 357 064,	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri, 780 510,	spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir formaður, 26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir gjaldkeri, 26 945 006

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elín Valsdóttir	Herdís Matthíasdóttir
Elísabet Sigurðardóttir	Herdís Þórisdóttir

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Ýmislegt

Top Squash - reykingarbann!

Ítrekum frétt sem birtist í síðasta blaði, að reykingar hafa verið bannaðar í húsnæði Top Squash. Nú er flott að æfa, enginn tóbaksreykur lengur, frábært! Top Squash, 25 rue de la Gare, Sandweiler, sími 357 181.

Myndlist, vatnslitamyndir

Sigrún H. Rosenberg er með vatnslitamyndir, litlar og stórar til sölu. Upplýsingar í sínum 358 207 og 061 919 161.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Leigubílar í Luxembourg

Vísun á vefslóðina <http://www.nightrider.lu>

Fæðingar

Kristín Haraldsdóttir og Haukur Örvar Pálmason eignuðust dótturina Steinunni Soffíu, þann 2. nóvember. Hún var 3310 gr. og 51 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Hulda Valsdóttir og Jón Helgason eignuðust dótturina Nóru Lind, þann 5. janúar. Hún var 4070 gr. og 52,5 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Símaskrá

Breytingar

Gunnlaugur Ólafsson
31 am Steffesgaart
L-5222 SANDWEILER
Sími 26 350 109
Gsm 091 356 966
Netfang guo747@hotmail.com
Netfang guo@atlanta.is

Sigurður Örn Sigurðsson
Carole Thijssen

9 route de Diekirch
L-6430 ECHTERNACH
Gsm SÖ 021 398 998
Netfang oernsigurdsson@arcor.de
Netfang oern@landsbanki.lu

Nýjir meðlimir

Árni S. Pétursson
Silja Huld Árnadóttir
12 rue de la Victoire
L-8047 STRASSEN
Sími 26 311 235
Gsm 021 450 005
Netfang siljahuld@gmail.com
arni.petursson@isb.lu

Ásdís Jóhannsdóttir
Warren Lee Gilsdorf
55-57 bis ave Pasteur
L-2311 LUXEMBOURG
Sími 26 361 492
Gsm Á 091 880 243

Bryndís Guðmundsdóttir
58 rue Raoul Follereau
L-1529 LUXEMBOURG
Gsm 061 199 900
bryndis_peters@hotmail.com

Guðmundur Árnason
Hildur Eiríksdóttir
5 rue de la Deporlation
L-8021 STRASSEN
Sími 021 687 112
Netfang guba@ru.is

Kristján Ágústsson
Berglind Jónsdóttir
3 op der Hoehl
L-3397 ROESER
Gsm 061 241 199
Netfang berglind.jons@gmail.com

Sigrún Bergsdóttir
Tony Arcone
20 rue des Eglantiers
L-8227 MAMER
Sími 312 120
Gsm S 021 163 391

Snaebjörn Sigurðsson
Katrín Helga Guðbrandsdóttir
36 op der Heed
L-1747 LUXEMBOURG
Sími 061 277 954
Netfang katrinhelga@gmail.com
Netfang snaebjorn@landsbanki.is